

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150Reykjavík


Reykjavík 25. febrúar 2019
UST201902-223/G.A.Ó.
06.04.03

Efni: Gæludýr í strætó – framlenging á undanþágu

Vísað er til erindis frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 14.02.2019, til Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar varðandi ósk Strætó bs. um framlengingu á undanþágu frá 3. ml. 2. mgr. 55. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sem kveður á um að dýr megi ekki flytja í almennum farþegarýmum. Beiðnin um framlengingu á undanþágu snýst um tilraunaverkefni sem Strætó bs. hefur rekið um gæludýrahald í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu með undanþágu frá fyrrnefndu ákvæði sem gildir til 28. febrúar nk.

Í meðfylgjandi gögnum með erindinu kemur fram að tilraunaverkefnið hefur gengið mjög vel. Í ljósi þess, telur stofnunin að veita eigi framlengingu á undanþágunni eins og óskað er eftir og jafnframt vísar í umsögn stofnunarinnar varðandi upprunalegu beiðni um undanþágu frá 10.03.2017.

Virðingarfyllst



Gunnar Alexander Ólafsson
sérfræðingur



Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur